

AÐALFUNDUR SAMBANDS ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA **1. júní 2016**

Ársskýrsla stjórnar, starfsárið 2015 - 2016

Á starfsárinu 2015 til 2016 hefur verið lögð áhersla á upplýsinga og fræðslustarf, en einnig hefur stjórnin viðhaldið vefsíðu fyrir SÍP. Aðilar að SÍP eru nú 14: Actavis, Alcan á Íslandi, BM Vallá, Frumherji hf. Hlaðbær Colas, Mannvit hf. Malbikunarstöðin Höfði, Matís ohf. Neytendastofa, Norðurál hf. Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði, Steypustöðin og Össur hf.

Fræðslufundur félagsins var áætlaður á vormánuðum, en ákveðið var að stefna að fræðslufundi í haust, með þátttöku faggildingarsviðs Einkaleyfastofu. Aðalfundur Eurolab var ekki sóttur á starfsárinu en haustfundur Eurolab (TC QA fundur) og aðalfundur Euracem var sóttur. Vefsíða félagsins hefur verið mikilvægur þáttur í að miðla upplýsingum til félagsmanna. Slóð á síðu félagsins er: <http://icelab.123.is/>

Fjármál

Vísað er í yfirlit gjaldkera varðandi fjármál félagsins

Stjórn og stjórnarfundir

Tveir stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu þar sem áhersla var lögð á að skipuleggja fræðslu og kynningar auk þess að viðhalda netsíðu félagsins. Félagsmenn hafa verið hvattir til að bjóða sig fram til setu í stjórn félagsins og stuðla þannig að framgangi félagsins.

Á starfsárinu var stjórnin skipuð á eftirfarandi hátt:

Aðalsteinn Arnbjörnsson Nýsköpunarmiðstöð Íslands, - formaður

Hrólfur Sigurðsson Matís ohf, - ritari

Jón Viðar Óskarsson Frumherji hf. - gjaldkeri

Þorbjörg Hólmgeirsdóttir, Mannvit hf

Stefán J. Björnsson, Össur h.f.

Reykjavík 31.05.2016.

Aðalsteinn Arnbjörnsson